



## Dregur saman með vísitölu neysluverðs, með og án húsnæðis

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,24% milli mánaða í september og mælist 12 mánaða verðbólga nú 2,7%, samanborið við 2,6% í ágúst. Vísitalan án húsnæðis hækkaði um 0,26% milli mánaða og mælist 1,8% verðbólga á þann mælikvarða á ársgrundvelli, samanborið við 1,3% í ágúst.

Mælingin var rétt undir væntingum, en við, Arion banki og Íslandsbanki höfðum öll spáð +0,3% milli mánaða.

### Helstu áhrifaþættir milli mánaða:


- **Flugfargjöld til útlanda** lækka alla jafna milli mánaða í september. Við gerðum ráð fyrir að lækkunin yrði í ríflegri kantinum vegna fjölda tilboða í mánuðinum, en lækkunin var jafnvel meiri en við bjuggumst við.
- **Föt og skór** hækkuðu vegna útsöluloka.
- **Matur og drykkjarvörur** hækkuðu nokkurn veginn eins og við bjuggumst við. Skýrist hækkunin aðallega af hækkun á mjólk, ostum, grænmeti og kartöflum.
- Kostnaður við **tómstundir og menningu** hækkar alla jafna milli mánaða í september, bæði vegna hækkana á raftækjum vegna útsöluloka og hækkana á ýmiskonar námskeiðum og íþróttum samhliða nýju skólaári. Hækkunin í ár var í samræmi við reynslu síðasta árs.
- Hækkun á **húsgögnum og heimilisbúnaði** var einnig í samræmi við væntingar.

### Dregur saman með vísitölu neysluverðs, með og án húsnæðis

Verðbólga án húsnæðis mælist 1,8%, en þessi tala hefur hækkað nokkuð samfellt síðan í september í fyrra, þegar 3,1% verðhjöðnun mældist á þennan mælikvarða. Munar nú eingöngu 0,9 prósentustigum á ársverðbólgu með og án húsnæðis, en munurinn á þessum tveimur mælikvörðum hefur dregist jafnt og

	Vægi í VNV	Átrif	
		Raun	Spá
Flugfargjöld til útlanda	1,6%	-0,39%	-0,28%
Aðrar vörur og þjónusta	5,8%	-0,02%	-0,02%
Póstur og sími	2,1%	-0,01%	-0,02%
Hótel og veitingast.	5,2%	-0,03%	-0,01%
Heilsa	3,9%	-0,07%	0,00%
Ferðir og flutningar - annað	4,0%	0,01%	0,00%
Áfengi og tóbak	2,4%	0,00%	0,00%
Menntun	0,7%	-0,02%	0,00%
Bensín og díselolía	3,3%	0,06%	0,03%
Kaup ökutækja	8,3%	0,07%	0,03%
Húsn. án reikn. húsaleigu	13,3%	0,05%	0,05%
Reiknuð húsaleiga	21,5%	0,04%	0,06%
Húsgögn og heimilisb.	3,8%	0,07%	0,07%
Tómst. og menning	9,7%	0,06%	0,08%
Matur og drykkjarv.	11,2%	0,13%	0,12%
Föt og skór	3,3%	0,29%	0,19%
Alls	100,0%	0,24%	0,30%

### Framlag undirliða



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands



Þétt saman síðan júlí í fyrra, þegar munurinn mældist tæplega 5 prósentustig.


### Innfluttar vörur hækka

Ein aðalástæða hagstæðrar verðbólguþróunar síðustu fjögur ár er mikil lækkun innfluttra vara. Spilaði þar inn í bæði styrking krónunnar, lág alþjóðleg verðbólga og lágt olíuverð. Því er ekki lengur að heilsa, en nú mælist 1,5% verðhækkun á innfluttum vörum.

### Spá fyrir næstu mánuði


Það er ekkert í tölunum frá því í morgunn sem gefur tilefni til að breyta spá okkar frá því fyrr í mánuðinum um framvinduna næstu þrjá mánuði. Við gerum því enn ráð fyrir að vísitalan hækki um 0,4% í október, verði óbreytt í nóvember og hækki um 0,4% í desember. Gangi spáin eftir verður ársverðbólgan 3,0% í lok árs.

### Vísitala neysluverðs




Heimild: Hagstofa Íslands

### Innflutt og innlend verðbólga




Heimild: Hagstofa Íslands

### Framlag undirliða




Heimild: Hagstofa Íslands

### Verðbólguþróun



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

### Mánaðarbreyting VNV í september



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. ([hagfraedideild@landsbankinn.is](mailto:hagfraedideild@landsbankinn.is)) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.